



Viðbragðsaðilar á Suðurlandi, ásamt Landhelgisgæslu Íslands og slökkviliði Grindavíkur, tóku þátt í umfangsmiklu æfingarverkefni við Selfossflugvöll 21. júní. Æfingin var liður í gerð kennsluefnis og fóru þar fram samhæfðar aðgerðir með þátttöku tveggja þýrla Landhelgisgæslunnar auk lögreglu, slökkviliðs og björgunarsveita.

Fyrsta til að vinna til verðlauna á heimsbikarmóti

Selfyssingurinn Hildur Maja Guðmundsdóttir sótti sér silfurverðlaun á heimsbikarmóti í Tashkent í Úzbekistan sem fram fór um liðna helgi. Hún er fyrst allra íslenskra kvenna til þess að vinna til verðlauna á heimsbikarmóti (World Challenge Cup) í áhaldafimleikum og skrifar sig

þar með í sögubækurnar.

Á vef fimleikasambands Íslands segir að Hildur hafi mætt einbeitt til keppni og með það markmið að næla sér í verðlaun á gólfinu, en hún átti góða möguleika eftir frábærar æfingar í undankeppninni. Hildur bætti sig frá undanúrslitum með frábærri gólfæfingu

og skilaði það henni 12.250 stigum og silfurverðlaunum.

Hildur keppti einnig til úrslita á tvislá, þar sem hún keppti meðal annars við Ólympíumeistara greinarinnar. Hildur framkvæmdi öruggar æfingar, hækkaði sig um 0,150 stig á milli daga og hafnaði í 8. sæti.



Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2024

NÝR TOYOTA PROACE



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi



Hjartans þakkir fyrir hlýhug og samúð við fráföll ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

MARGRÉTAR HAUKSDÓTTUR.

Það snerti okkur djúpt að finna fyrir umhyggju og samhug í öllum kveðjum, samtölum og samveru.

Sérstakar þakkir til ykkar sem heiðruðuð minningu hennar með því að mæta í Hallgrímskirkju og kvöðduð hana með okkur.

Guðni Ágústsson

Brynja Guðnadóttir Auðunn Sólberg Valsson

Agnes Guðnadóttir Tómas Tómasson

Sirra Guðnadóttir Arnar Þór Úlfarsson

Guðni Valur, Salka Margrét, Óliver Tumi,

Freyja, Snorri, Eva og Eik



Fulltrúar Landsbjargar, Gunnar Stefánsson skrifstofustjóri, Guðbrandur Arnarson verkefnastjóri aðgerðamála og Kristján Þór Harðarson framkvæmdastjóri ásamt fulltrúum Isavia, Sveinbirni Indriðasyni forstjóra Isavia, Elvu Tryggvadóttur og Friðfinni Guðmundssyni verkefnastjórum neyðarviðbúnaðar Isavia.

Isavia styrkir Landsbjörgu um 30 milljónir

Isavia ohf. og Slysavarna-félagið Landsbjörg hafa undirritað samning til næstu þriggja ára þar sem Isavia mun styrkja öflugt starf Landsbjargar um 30 milljónir króna. Með þessu samkomulagi er Styrktarsjóður Isavia og Slysavarnafélagsins Landsbjargar endurvakinn eftir að hafa legið í dvala síðan í heimsfaraldri. Sjóðurinn var stofnaður árið 2012 með það að markmiði að efla hópslysaviðbúnað í nágrenni flugvalla og fjölfarinna ferðamannastaða á Íslandi.

Það voru þeir Sveinbjörn Indriðason, forstjóri Isavia

ohf., og Kristján Þór Harðarson, framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar, sem undirrituðu samninginn í höfuðstöðvum Landsbjargar.

„Við hjá Isavia metum mikils okkar góða samstarf við Landsbjörgu og viljum áfram leggja okkar að mörkum til að efla það góða starf sem björgunarsveitirnar vinna um allt land,“ segir Sveinbjörn Indriðason forstjóri Isavia. „Við erum ánægð að vera búin að endurvekja styrktarsjóðinn því það skiptir okkur öll máli að hafa öflugar björgunarsveitir til taks þegar hætta steðjar að.“

„Það skiptir meginmáli að starf sjálfbæðaliða Slysavarnafélagsins Landsbjargar eigi sér jafn öfluga bakhjarla og Isavia er og það er okkur mikið gleðiefni að Styrktarsjóðurinn skuli nú endurvakinn.“ Segir Kristján Þór Harðarson, framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar. „Net björgunarsveita er þéttrið um allt land og afar mikilvægt að tryggja það net, því þegar einhvers konar vá verður er lykilatriði að stutt sé í aðstoð vel þjálfaðs og reynds björgunarfólks með réttan búnað.“

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenn flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Auglýsing vegna íbúafundar – Fell

Breytt landnotkun aðalskipulags og nýtt deiliskipulag

Mánudaginn 30. júní 2025 kl. 16:00 verður haldinn kynningarfundur fyrir íbúa og hagsmunaaðila vegna skipulagsbreytinga sem eru í auglýsingu og taka til lands Fells, L177478. Fundurinn verður haldinn í Ara-tungu í Reykholti. Á fundinum mun landeigandi gera grein fyrir áætlunum sínum er varðar uppbyggingu á svæðinu í takt við auglýst skipulag.

Kynningin tekur til breytingar á aðalskipulagi sem tekur til skilgreiningar á verslunar- og þjónustusvæði og deiliskipulag sem unnið er samhliða.

Nánari upplýsingar má nálgast á skipulagsgátt
Skipulagsstofnunar:

<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/631>

<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1492>

STYRKARTÓNLEIKAR FYRIR FJÖLSKYLDU VÍGLUNDAR FÉLAGSHEIMILÍÐ FLÚÐUM FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR



Halda tónleika til styrktar fjölskyldu Víglundar

Tónleikar til styrktar fjölskyldu Víglundar Þorsteinsonar, sem lést af slysförum nýlega, verða haldnir í Félagsheimilinu á Flúðum fimmtudaginn 26. júní.

Dagskráin er ekki af verri endanum en Herra Hnetusmjör, VÆB og Stuðlabandið stíga á svið.

Húsið opnar klukkan 18 og verður Pizzavagninn á staðnum og barinn verður opinn.

Miðaverð fyrir fullorðna er 3500kr og 1500kr fyrir 12 ára og yngri.

Víglundur var aðeins 10 ára gamall þegar hann lést. Slysið

varð þegar dráttarvél, sem Víglundur ók, rann af háum bakka og hafnaði ofan í Hvítá.

Víglundur bjó í Haukholtum ásamt foreldrum sínum og þremur systkinum.

Auk tónleikanna hefur Kvenfélag Hrunamannahrepps staðið fyrir söfnun til að létta undir með fjölskyldunni á erfiðum tímum. Söfnunin hefur gengið vel og hefur ný dráttarvél verið keypt handa fjölskyldunni. Vélir er af gerðinni John Deer 6120M og er afturrúða hennar merkt „Fyrir Víglund, frá vinum og velunnurum.“

„Það er ómetanleg að finna

hve margir eru tilbúnir að hjálpa til við að létta fjárhagsáhyggjum af fjölskyldunni á þessum erfiðu tímum,“ segir í færslu á Facebooksíðu kvenfélagsins. Þar segir einnig að þungu fargi hafi verið létt af foreldrum Víglundar. Þau hafi ekki þurft að nota dýrmætan tíma í allri sorginni í að finna og fjármagna nýja dráttarvél, sem er þeim nauðsynleg.

Upplýsingar um styrktar-reikninginn á vegum kvenfélagsins eru eftirfarandi:

Kennitala: 700169-7239

Reikningsnúmer: 0325-22-001401

Engjaland 4
Selfoss

OPIÐ
HÚS

Opið hús
Miðvikudaginn 2. júlí
Frá 17:00–18:00

Guðný Þorsteinsdóttir
Löggiltur fasteignasali
gudnyth@remax.is | 771-5211

RE/MAX

RENØY

VIÐ ÓSKUM EFTIR

BLADAMANNI

Blaðamaður óskast í hlutastarf eða verktakastarf við Dagskrána, fréttablað Suðurlands

Umsækjandi þarf að vera drifandi, jákvæður, forvitinn og hugmyndaríkur og óhræddur við að takast á við margvísleg og spennandi verkefni sem fylgja starfi blaðamanns. Við hvetjum sérstaklega verktaka með reynslu og gott auga fyrir fréttum til að sækja um.

Helstu verkefni: Frétta- og efnigerð fyrir Dagskrána og DFS.is, uppsetning á Dagskránni (fer eftir starfshlutfalli), auglýsingaöflun og önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun eða reynsla sem nýttist í starfi
- Hafa brennandi áhuga á blaðamannastörfum og gott fréttanef
- Gott vald á ljósmyndun (myndbandagerð er kostur)
- Góð tölvu- og tækniþekking
- Framúrskarandi færni í íslensku og gott vald á ensku
- Góð skipulagshæfni

Starfshlutfall eftir samkomulagi.

Sveigjanlegur vinnutími í boði fyrir réttan aðila.

Umsóknarfrestur er til 30. júní nk.

Nánari upplýsingar um starfið veita framkvæmdastjóri mannauðsmála í isi@prentmetoddi.is, s. **8 560 601** og útibústjórinn Prentmets Odda á Selfossi þ.e. brv@prentmetoddi.is, s. **8 560 656**.

Vinsamlegast sækioð um starfið á alfred.is.



Grímsnes- og Grafningshreppur og Leikfélagið á Sólheimum undirrita samstarfssamning

Þann 12. júní sl. var samstarfssamningur milli Grímsnes- og Grafningshrepps og Leikfélagsins á Sólheimum formlega undirritaður. Athöfnin fór fram á Sólheimum, þar sem Fjóla Steindóra Kristinsdóttir sveitarstýra og Þorvaldur Kjartansson, formaður leikfélagsins, skrifuðu undir fyrir hönd hvors aðila.

Markmið samningsins er að styrkja leiklistarstarf á svæðinu og veita nemendum Kerhóls-skóla kost á að sækja leiksýningar félagsins án endurgjalds.

Samningurinn styður við þá öfluglu menningarstarfsemi sem Leikfélagið á Sólheimum hefur staðið fyrir um árabíl og fellur vel að 95 ára afmæli Sólheima sem fagnað er á þessu ári.



Þorvaldur og Fjóla skrifa undir. Mynd: Grímsnes- og Grafningshreppur.

„Sveitarfélagið fagnar þessu mikilvæga samstarfi og hlakkar til að styðja áframhaldandi þróun leiklistarstarfs á svæðinu til framtíðar,“ segir á heimasíðu sveitarfélagsins.



Fyrsta skóflustungan tekin að nýju verknámshúsi

Bolette H. Koch fráfarandi Skólastjóri Þjórskóla og Guðmundur Finnbogason, nýráðinn skólastjóri Þjórskóla, tóku 4. júní sl. fyrstu skóflustunguna að verknámshúsi sem risa mun í sumar á lóð Þjórskóla í Árnesi.

Um er að ræða 200 m2 verknámshús sem mun hýsa þrjár kennslustofur sem ætlaðar eru til kennslu í heimilisfræði, smíðakennslu og myndlistar- og textíl kennslu.

Húsið er framleitt af Límtré Vírnet og er stefnt að því að húsnaðið verði klárt til kennslu þegar nemendur skólans mæta aftur til náms haustið 2025. Má segja að húsið sé kærkomin viðbót við húsnaði Þjórskóla og þær breytingar sem hafa staðið yfir á sjálfu skólahúsnaðinu.



Bolette og Guðmundur tóku skóflustunguna.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 956 0673, hronn@dfs.is.
Bláamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaeld: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Gáta vikunnar

Á grýttum mel og eyðisandi sá, svo er þetta hatti mínum á, einn í burt menn vilja fá af fé, á ferð um landið bæjarnafnið sé.

Svar við gátu í blaði 2807: **MÖRK**
2. (M)örk
4. Mörk er um það bil hálfur lítri

Visnagátur-höf: Páll Jónasson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Sunnlenski
matgæðingurinn

Eldsteiktur lax með steinsoðinni hunangsmjólki

Grétar Halldórsson er matgæðingur vikunnar.



Ég þakka Tómasi Héðni, ævillöngum vini mínum, fyrir áskorunina. Carl Sagan sagði: „Ef þú vilt baka eplaköku frá grunni verður þú fyrst að finna upp alheiminn.“ Hið sama gildir um flatbrauð. Að sjá Tómas hringsnúa flatbrauðinu fræga, sem tekur á sig lögun sindrandi þyrilvetrarbrautar, fyllir mann lotningu. Þróunar-saga flatbrauðs er nú fullkomnuð: Miklihvellur, reismaður, Tómas.

Upplifun matar er sannarlega best í góðum félagskap undir berum himni. Eldamennska utandyra styrkir tengsl manns og náttúru og er eftirminnilegri en borðstofan, þar sem allt er í röð og reglu og fátt sem kemur á óvart eða ógrar skynfærunum.

Ég ákvað að nýta þessa áskorun í tilraunamennsku og nældi mér í bókina Veislumatur landnámsmanna. Það má draga mikinn lærdóm af fortíðinni og hér eldum við mat með sem fæstum tækjum og tólum nútímans. Þannig má finna skemmtilegar lausnir með afurðum íslenskrar náttúru á sama tíma og við lærum að meta þau þægindi sem við búum við.

Eldsteiktur lax
1 laxaflak
2 msk. bráðið smjör
0,5 tsk. pipar, steyttur
1 tsk. salt

Skerið 0,5 cm djúpa tígla í laxa-flakið. Penslið það með smjöri og kryddið með salti og pipar. Festið flakið á klofinn birkidrumb. Kveikið í 0,5 rúmmetra af þurrkuðum birkidrumbum. Graspappír er ágætur tundur og þið fáið aukastig ef þið kveikið í með eldstáli. Látið loga í u.þ.b. 30 mín eða þar til drumbarnir eru orðnir gráir og kolaðir. Komið laxinum fyrir u.þ.b. 20-30 cm frá drumbunum og steikið í 15-20 mín. Best er að borða beint af birkidrumbinum. Hann má svo fara í eldinn að máltíð lokinni.

Steinsoðin hunangsmjólki
2 dl mjólki
1 dl vatn
1 msk. hunang
5x5 cm steinn, helst blágrýti

Hitið steininn í heitum kolunum í 5-10 mín eða þar til hann er orðinn um 100-150°C. Setjið mjólkina og vatnið í tréskál ásamt hunangi. Setjið steininn ofan í og hitið mjólkina upp að suðu. Takið steininn þá upp úr og berið fram.

Ég skora nú á vin minn og kjötskurðarmeistarann Dr. Birgi Guðmundsson. Læknandi hendur hans eru líkast til jafn göldróttar með hnifinn í eldhúsinu og á skurðarborðinu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Guðríður Gyða með sýningu í Listagjanni

Guðríður Gyða Halldórsdóttir hefur opnað myndlistasýningu í Listagjanni í Bókasafni Árborgar. Sýningin stendur til 14. júlí og er opin á opunar-tíma bókasafnsins. Guðríður Gyða Halldórsdóttir fæddist 3. ágúst 1951 á Suðureyri við Sógandafjörð. Hún lærði í Myndlistaskóla Kópavogs í nokkur ár og útskrifaðist af Hönnunarbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Gyða er lærður nuddari og á einnig að baki sex ára nám í

ilmkjarnaolufraðum, hún gaf m.a. út bók um ilmkjarnaolur árið 2019.

Þetta er sjötta einka-sýning Gyðu og jafnframt sú fyrsta á Selfossi. Myndsefni á sýningunni er nátengt áhuga-sviði Gyðu sjálfar. Gömul hús og skúrar af ýmsum gerðum hafa lengi heillað hana og skemmt er frá því að segja að hún smíðaði tíu kofa á meðan hún var á barnsaldri. Gyða er einnig jurtanorn og fá því nornir sinn sess á sýningunni.



Frá brottfalli til bætinga - Áfram öflugar frjálsíþróttir hjá Umf. Heklu

Ungmennafélagið Hekla sótti fyrir nokkrum vikum síðan um styrk úr hvatasjóði ÍSÍ og UMFÍ fyrir verkefninu „frá brottfalli til bætinga“. Skemmt er frá því að segja að félaginu var úthlutað 1.000.000 kr. styrkur úr hvatasjóði til þess að gera verkefnið að veruleika en stutt lýsing á verkefninu er eftirfarandi: Ná til iðkenda á unglingsaldri sem hafa flosnað upp úr skipulögðu íþróttastarfi og fá þau aftur til þátttöku, ásamt því að sporna við brottfalli á unglingsárum.

Ástþór Jón Ragnheiðarson, formaður Umf. Heklu og þjálfari í frjálsíþróttum, sá um umsóknina og heldur utan um verkefnið og er best að láta orð hans í umsókninni gera frekari grein fyrir verkefninu:

“Sumarið 2024 tók ég að mér að þjálfa fyrrverandi iðkanda í frjálsíþróttum. Sá iðkandi var mjög efnilegur en flosnaði upp úr íþróttastarfi og hætti alfarið þátttöku í skipulagðri íþróttastarfsemi 14 ára gömul. Sumarið 2024, þá 17 ára gömul, hefur þessi iðkandi samband við mig og langar að láta reyna aftur á iðkun íþróttar, en treystir sér ekki til þess að hefja æfingar á hefðbundnum



grunni, venjulegar æfingar hjá félagi, o.þ.h.

Úr verður að ég tek að mér að þjálfa hana 2x í viku í sjálfböðavinnu og hún æfir eftir áætlun frá mér 2-3 daga vikunnar. Þetta vindur fljótt upp á sig og fleiri ungmenni með svipaða sögu leita til mín og fara að æfa undir sömu formerkjum. Nafnið á verkefninu, frá brottfalli til bætinga, er ekki úr lausu lofti gripið og langar mig í því samhengi að taka dæmi um 2 einstaklinga úr þessum æfingahóp:

Stúlka hættir íþróttaiðkun 2021, þá 14 ára gömul. Sumarið 2024 er hún ekki búin að vera

í skipulögðu íþróttastarfi í rúmlega 3 ár. Undir lok árs 2024 og byrjun árs 2025 hefur hún farið að ná miklum árangri í íþróttum á nýjan leik, má þar t.d. nefna stökk upp á 1,55 m í hástökki, sem skilar henni meðal 10 efstu á landinu í aldursflokki 18-19 ára stúlkna.

Drengur hættir íþróttaiðkun 2022, þá 16 ára gamall. Í byrjun árs 2025 hefur hann ekki verið þátttakandi í skipulögðu íþróttastarfi í um 2,5 ár. Nú um mitt ár 2025 á hann stökk upp á 1,75 m í hástökki, sem skipar honum meðal 11 efstu á landinu í flokki 18-19 ára pílta.

Þessir einstaklingar voru

hættir allri íþróttaiðkun í upphafi unglingsára en eru nú á eldri árum unglingsára að taka upp iðkun aftur.

Nú þegar ég hef gefið af mér ótal tíma í sjálfböðavinnu við það að koma þessum ungmennum aftur í virkni stand ég frammi fyrir spurningunni: Hvað tekur við? Verkefnið hefur stækkað úr því að vera bara ég að hjálpa gömlum iðkanda yfir í hóp ungmenna sem er að finna gleðina aftur í íþróttaiðkun og er orðið á mörkunum að einn maður í sjálfböðavinnu ráði við það. Þá hef ég einnig velt fyrir mér möguleikum á því að stækka verkefnið.

Þar kemur að ástæðu þess að ég sæk um styrk í Hvatasjóð. Ég ætla að halda áfram að halda utan um þessi ungmenni út sumarið 2025 með sama fyrirkomulagi og ég hef verið að gera. Frá og með hausti 2025 vil ég halda áfram að halda utan um hópinn, bjóða fleiri velkomna og einnig opna á hann fyrir börn í 9. og 10. bekk grunnskóla, en reynsla okkar á Hellu er því miður sú að brottfallið byrjar allt of snemma og alveg niður í miðstig grunnskóla. En verkefni af þeirri stærðargráðu er meira en ég ræð einn við og ótækt að ætla sér að hrinda í framkvæmd að öllu leyti í sjálfböðavinnu.

Markmiðið er að búa til umgjörð og bjóða iðkendum í elstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskóla sem hafa flosnað upp úr skipulögðu íþróttastarfi upp á leið til baka í skipulagt íþróttastarf á þeirra forsendum. Verður þetta gert með því að bjóða iðkendum upp á skipulagðar æfingar 3x í viku.

Upphaf verkefnisins væri frá og með 1. september 2025 og lok verkefnis væri 31. ágúst 2026. Framhald verkefnis umfram það myndi svo byggja á því hvernig gengið hefur.“

VERKEFNASTJÓRI Á ÞJÓRSÁRSVÆÐI

Ertu mannvirkjamanneskja?

Við leitum að öflugum og lausnamiðuðum einstaklingi til að sinna verkefnum tengdum vegakerfi, mannvirkjum, stíflum og vatnsvegum. Starfið er á sviði vatnsafls sem ber m.a. ábyrgð á viðhaldi og eftirliti með mannvirkjum og stíflum Landsvirkjunar og tryggir að þau uppfylli kröfur á sviði umhverfis- og öryggismála. Starfstöð er í Búrfelli.

Helstu verkefni:

- umsjón og eftirlit með vegum og mannvirkjum Landsvirkjunar á svæðinu
- mat á ástandi og öryggi stíflna, vatnsvega og tengdra mannvirkja
- verkefnastýring og þátttaka í viðhaldi og umbótaverkefnum
- söfnun, úrvinnsla og skráning mæligagna í eftirlitskerfi fyrirtækisins
- skýrslugerð í tengslum við eftirlit og vöktunarkerfi

Hæfni:

- háskólamenntun í byggingarverkfræði, byggingatæknifræði eða skyldum greinum
- reynsla af verklegum framkvæmdum og/eða viðhaldi mannvirkja er kostur
- þekking á gæða-, öryggis- og umhverfismálum er æskileg
- skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- góð samskiptafærni og hæfni til að vinna í þverfaglegum teyimum

Umsóknarfrestur er til og með 5. ágúst

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar landsvirkjun.is/storf



TÆKIFÆRI FYRIR ÍPRÓTTAFÉLÖG / FÉLAGASAMTÖK

Tækifæri til fjáröflunar sem veitir sístreymi í gegnum vörur sem allir geta notað sér til góðs. Margviðukenndar vörur.

Frábær leið fyrir íþróttafélög / félagasamtök eða þig.

Upplýsingar í síma 695 0452 (Ásta).

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Í samræmi við 41 og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi deiliskipulagsbreyting:



Tryggvagata 15 – Deiliskipulagsbreyting 2025

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 18.6.2025 tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi skóla og sundhallarreits við Tryggvagötu 15 á Selfossi. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tók gildi með birtingu auglýsingar nr. 591 í B-deild Stjórnartíðinda þann 23. júní 2014. Þrjár breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulaginu síðan. Í síðustu breytingunni, sem samþykkt var í bæjarstjórn Árborgar þann 13. desember 2023 var byggingarheimild á nýjum byggingarreit stækkuð sem heimilaði viðbyggingu á tveimur hæðum norðan við sundhöllina til að stækka líkamsræktaraðstöðu á fyrstu og annarri hæð. Þeirri uppbyggingu er nú lokið.

Breytingar nú, felast í eftirfarandi þáttum:

1. Ný kennslu/keppnislaug með sjö brautum er staðsett sunnan við núverandi laug syðst á útisvæði.
2. Núverandi pottar næst útiklefum færast og breytast.
3. Nýr byggingarreitur kemur sunnan við Sundhöll. Innan hans er heimilt að reisa nýjan vaktturn og upphitaða búningaklefa.
4. Nýr byggingarreitur fyrir geymslu og þjálfaraaðstöðu kemur vestan við núverandi laug.
5. Ný rennibraut kemur í stað núverandi.
6. Aðkoma fyrir skólabíla/rútur/þjónustubíla verður við Bankaveg, austan megin við nýja búningaklefa. Bílastæðum fækkar.
7. Lóðamörk milli Tryggvagötu 13 og 15 færast til norðurs og þar með breytast lóðarstærðir, sjá meðfylgjandi töflu.
8. Nýtingarhlutfall beggja lóða breytist vegna breyttra lóðarstærða og aukins byggingarmagns á lóð Tryggvagötu 15, sjá meðfylgjandi töflu.
9. Bílastæði hreyfihamlaðra norðan við Sundhöll breytast. Aðrir byggingarskilmálar haldast óbreyttir.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til auglýsingar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is og á www.skipulagsgatt.is. Skipulagstillagan er í auglýsingu frá 26. júní 2025, til og með 8. ágúst 2025.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli (nr. 839/2025). Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67 á Selfossi.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 8. ágúst 2025.

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kærana-
leg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mán-
uður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllt,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi



Hópmýnd af öllum sem tóku þátt.

Stór dagur í Skálholti – Bókasafnið flutt í nýja Bókhöðu

Laugardaginn 22. júní síðast-
liðinn átti sér stað sögu-
legur dagur í Skálholti þegar
bækur úr turni Skálholtsdóm-
kirkju voru loksins fluttar í nýja
Bókhöðu í kjallara Gestastof-
unnar. Verkefnið var unnið með
sameiginlegu átaki fjölbreytts
hóps sjálfbóðaliða, starfsmanna
og velunnara staðarins.

Bókasafnið í kirkjuturninum
er eitt merkasta prentsögusafn
landsins. Þar hefur verið varð-
veitt einstakt safn bóka sem
nær yfir prentsögu Íslands frá
lokum 16. aldar til upphafs 19.
aldar. Í safninu eru til eintök
af flestum þeim bókum sem
prentaðar voru á Íslandi á þessu
tímabili, þar á meðal Biblían
frá 1584, Sálmaabókin 1589 og
Grallarinn 1594. Elsta prent-
verkið var upphaflega prent-
smiðja Jóns biskups Arasonar,
sem eftir dvöl á Breiðaból-
stað var flutt að Hólum og sá
um prentun kirkjunnar í tvær
aldir. Safnið er að stofni til úr
eigu Þorsteins Þorsteinssonar
sýslumanns, síðar aukið og
endurbætt af Kára Helgasyni,
og keypt Þjóðkirkjan það fyrir
tilstuðlan Sigurbjörns Einars-
sonar biskups árið 1965 eftir

almenna fjársöfnun. Bækurnar
hafa allt til þessa verið varð-
veittar í eldtraustum hirslum í
turni kirkjunnar.

Um 50 manns komu að
flutningunum; þar á meðal
voru starfsmenn Skálholts-
staðar, björgunarsveitarfólk,
kvenfélagskonur, fjölskyldur
og jafnvel nokkrir forvitnir
ferðamenn sem lögðu hönd á
plóg. Með mannlegri keðju sem
náði frá turni kirkjunnar, niður
kirkjuröppurnar og áfram að
Gestastofnunni voru yfir 280
bókaassar færðir á nýjan stað.
Þeir voru að lokum bornir niður
í Bókhöðuna sem er í kjallara
Gestastofnunar. Allt verkið tók
einungis um eina klukkustund,
sem sýnir að margar hendur
gera létt verk.

„Skálholtsstaður þakkar
öllum sem komu að þessu
merkilega átaki – án ykkar
hefði þetta ekki orðið að veru-
leika. Nú hefst vinna við að
koma bókunum fyrir en Bók-
hlaðan verður opnuð á Skál-
holtshátið helgina 18 – 20. júlí
nk. Þá verða gestir og fræð-
menn sem vilja kynna sér hinn
einstaka bókmennta- og sögu-
arf staðarins boðir velkomnir.“



Það var hátiðleg stund þegar Kristján Björnsson vígslubiskup hélt á síðasta
bókasafnskassanum ásamt Erlendi Hjaltasyni (Tv) og Árna Gunnarssyni (TH)
formönnum Skálholtsfélagsins hins nýja og Verndarsjóðs Skálholtsstaðar

Selja lausafjármuni í gegnum uppboð

Grímsnes- og Grafningshreppur hefur ákveðið að selja lausafjármuni í eigu sveitarfélagsins í gegnum rafrænt uppboð á vefnum uppboð.com, í samstarfi við umboðsaðila þar. Markmiðið með þessari aðferð er að auka gagnsæi í meðferð eigna sveitarfélagsins, auðvelda almenningi aðgang að söluflerlinu og gefa eldri munum tækifæri á nýju og gagnlegu lífi hjá nýjum eigendum.

Grímsnes- og Grafningshreppur greinir frá þessu á heimasíðu sinni.

Þessi sala er hluti af ábyrgri og faglegri nálgun sveitarfélagsins í meðferð opinberra eigna, þar sem sjálfbærni og endurnýting eru í fyrirrúmi. Munirnir sem verða boðnir upp eru ekki í virkri notkun og þjóna ekki lengur þörfum sveitarfélagsins í daglegum rekstri.

Uppboðið fer fram á www.uppboð.com, þar sem hægt er að kynna sér nánar hvaða hlutir eru í boði, tímasetningar og hvernig uppboðið fer fram. Bæði einstaklingar og fyrirtæki eru hvött



til að skoða úrvalið og taka þátt – þar gefst tækifæri til að eignast nýtsamlega muni á hagkvæmu verði.

Með þessu framtaki vill sveitarfélagið stuðla að skynsamlegri nýtingu opinberra eigna og hvetja til umhverfisvænna lausna í rekstri og samfélagi.

Metfjöldi nemenda skráður í FSu næsta haust

FSu stefnir í að taka á móti metfjölda nemenda í dag-skólanum næsta haust – yfir 1000 nemendur verða skráðir, sem er um 40 fleiri en haustið 2024. Samtals er gert ráð fyrir að meira en 1200 einstaklingar stundi nám við skólann, þegar garðyrkjuskólinn og kvöld-skólinn eru taldir með. Að auki verða nemendur á Litla Hrauni og Sogni, auk grunnskólanema í fjarnámi. Þeir eru ekki meðtaldir í þessari tölu.

„Skólinn hefur innritað um 280 nýnema sem er svipaður fjöldi og í fyrra. Nýnemar og foreldrar/forráðamenn hafa fengið tölvupóst með ýmsum



hagnýtum upplýsingum um innritunargjöld og skólabyrjun í haust. Það er spennandi haust í vændum,“ segir í tilkynningu frá skólanum.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og Hrunamannahreppur

Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga, deiliskipulagsáætlana og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Hrafnabjörg L194595; Breyttir landnotkunarflokkar; Aðalskipulagsbreyting – 2212038

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. júní 2025 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til svæðis í landi Hrafnabjarga L194595. Innan frístundahúsareits F20 verður landsvæði Hrafnabjarga leiðrétt með því að færa frístundahúsasvæðið út af núverandi skógræktarsvæði og yfir í Klapparholt þar sem ræktunarskilyrði eru óhentug m.t.t. landbúnaðar. Skógræktarsvæði verður sýnt þar sem frístundabyggð er sýnd í landi Hrafnabjarga á reit F20 í gildandi aðalskipulagi. Í breytingunni felst því tilfærsla á landbúnaðarsvæði yfir í frístundasvæði og frístundasvæði yfir í skógræktarsvæði.

2. Ormsstaðir L168271; Frístundasvæði F66; Deiliskipulag – 2506021

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. júní 2025 að kynna tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til frístundasvæðis F66 í landi Ormsstaða. Í skipulaginu felst m.a. skilgreining lóða og byggingarreita og leiðréttingar á legum lóða og vega innan svæðisins.

3. Villingavatn L170831; Nytjaskógrækt og landgræðsla; Aðalskipulagsbreyting – 2505090

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. júní 2025 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps innan jarðar Villingavatns L170831. Með breytingunni verður sett inn nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði á Villingavatni og heimiluð skógrækt á allt að 1.300 ha svæði. Markmið framkvæmdarinnar er að rækta skóg sem bindur kolefni, skapa timburnytjar og græða upp raskað land.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

4. Fell L177478; Landbúnaðarsvæði (Engjaholt) í verslun- og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting – 2404070

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. mars 2025 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Fells L177478. Um er að ræða alls um 16,3 ha sem tillagan tekur til. 11,3 ha svæði sunnan Biskupstungnabrautar sem verður skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði og 5 ha norðan Biskupstungnabrautar sem skiptist í 2,6 ha verslunar- og þjónustusvæði og 2,4 ha frístundasvæði. Innan breytingarinnar er gerð ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu hótels og bygginga því tengdu alls um 8.500 fm fyrir allt að 200 gesti. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir 100 litlum gistihúsum til útleigu. Heildarbyggingarmagn slíkra húsa geti verið allt að 3.500 fm fyrir allt að 200 gesti. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir allt að 12 íbúðar-, útleigu- og starfsmannahúsum á svæðinu norðan Biskupstungnabrautar. Ábendingar bárust frá Skipulagsstofnun við afgreiðslu tillögunnar fyrir auglýsingu og eru þær birtar samhlíða auglýsingu ásamt uppfærðum gögnum.

Málið hefur verið í auglýsingu frá 15. maí 2025 og er nú auglýst aftur með lengdum athugasemdafresti ásamt dagsetningu á sérstökum kynningarfundum vegna málsins. Sjá nánar neðar í auglýsingu.

Deiliskipulag – 2408104

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. mars 2025, deiliskipulag til auglýsingar, sem tekur til lands Fells L177478 (Engjaholt) sem er um 16,3 ha að stærð. Samkvæmt fyrirbyggjandi aðalskipulagsbreytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 -2027, dagsett 23. ágúst 2024, eru um 13,9 ha svæðisins skilgreint sem verslun og þjónusta, merkt VP45 og um 2,4 ha sem frístundabyggð merkt F110. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að landinu verði skipt upp í fimm lóðir. Á reit 1 er gert ráð fyrir 100 litlum gistihúsum til útleigu ásamt þjónustuhúsi. Auk þess er á reitnum gert ráð fyrir heimild fyrir hóteli ásamt veitingarekstri og þjónustuhúsi á 3-4 hæðum í þremur samtengdum byggingum. Heildarbyggingarmagn hótels og byggingum því tengdu eru 8.500 fm. Á lóð merkt 6 er gert ráð fyrir 12 húsum sem geta verið nýtt til útleigu til ferðamanna og sem íbúðar-/starfsmannahús. Gert er ráð fyrir að húsin geti verið allt að 200 fm hvert. Heildarbyggingarmagn verður að hámarki 4.000 fm. Lóðir merktar 2 og 4 verði frístundalóðir. Gert er ráð fyrir undirgöngum undir Biskupstungnabraut til að mynda tengingu á milli svæðanna.

Málið hefur verið í auglýsingu frá 15. maí 2025 og er nú auglýst aftur með lengdum athugasemdafresti ásamt dagsetningu á sérstökum kynningarfundum vegna málsins. Sjá nánar neðar í auglýsingu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna www.blaskogabyggd.is, www.gogg.is og www.hrunamannahreppur.is.

Mál 1 – 3 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 26. júní 2025 með athugasemdafresti til og með 18. júlí 2025.

Mál 4 og 5 eru mál sem voru upphaflega auglýst með athugasemdafrest frá 15. maí til og með 27. júní 2025. Athugasemdafrestur er lengdur vegna íbúafundar sem tekur til kynningar á málinu og verður til og með 14. júlí 2025.

Íbúafundur verður haldin vegna kynningar á málum 4 og 5 sem taka til Fells L177478 (Engjaholts). Fundurinn verður haldinn í Aratungu kl.16:00 þann 30. júní 2025.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangi@skipulag.utu.is.

Fyrirspurnir má senda á netfang UTU@skipulag.utu.is.

Vígfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita

Hannyrðahornið Sokkar með Halldóruhæl

Uppskrift:
Bobbýjardætur / bobby.is

Stærðartafla

Stærðir	1-2 ára	3-4 ára	5-6 ára	7-8 ára	9-11 ára	37-41	42-45
Garnmagn	50 gr	50 g	100 g	100 g	100 g	100 g	100 g
Lengd á sokk	12-14 cm	15-17 cm	16-18 cm	19-21 cm	22-24 cm	24-28 cm	29-31 cm

ATH. Við erum öll mismunandi og þess vegna eru þessar tölur bara til viðmiðunar, alltaf gott að mæla fætur áður en hafist er handa.

GARN:

Froyja frá Viking einnig er hægt að nota Reflex Superwash frá Viking og Viking Merino Garnið fæst hjá Bobby Hveragerði og bobby.is

Prjónfesta er ca 22 lykkjur á 10 cm í sléttu prjóni á 3,5 mm prjóna

ÞAÐ SEM ÞARF:

Sokkaprjóna /Crazy Trio 3,5 mm Prjónamerki
Stoppunál til að ganga frá endum.

LESIÐ VEL YFIR UPPSKRIFTINA ÁÐUR EN HAFIST ER HANDA!

TÆKNIUPPLÝSINGAR :

Sokkarnir eru prjónaðir í hring á sokkaprjóna eða Crazy trio prjóna
Stroffið er 2 slétta lykkjur og 2 brugðnar lykkjur, prjónið stroffið eins langt og óskað er. Hællinn er svo kallaður Halldóruhæll, sem er þessi hefðbundni hæll þar sem hæltotan er gerð í ákveðna lengd, skipt upp í þrjá parta og lykkjum fækkað sitt hvoru megin við miðjupartinn þar til að miðjan er eftir

UPPSKRIFT:

Fitið laust upp, 36 – 40 – 44 – 48 – 50 – 54 – 62 lykkjur á 3,5 mm prjóna og prjónið stroff, tvær lykkjur sléttar og tvær lykkjur brugðnar út umferð.

Setjið prjónamerki við upphaf umferðar svo þið vitið hvar umferð byrjar og endar.

Prjónið stroff ca 8 – 8 – 10 – 10 – 12 – 16 – 18 cm, má vera meira og má vera minna.
Eftir stroff eru prjónaðar ca 10 – 10 – 10 – 10 – 12 – 16 – 20 umferðir slétt.

Nú hefst hæltotan:

Prjónið helmingin af lykkjunum, fram og til baka, slétt á réttu, brugðið á röngu, ca 14 – 16 –
16 – 16 – 18 – 20 – 24 umferðir (á réttu og röngu) Þá er hæltotan komin.

Hæltotu skipt upp í 3 parta:

Í stærð 1-2 ára eru lykkjurnar 18 og skiptast jafnt, 6 í hverjum parti Í stærð 3-4 ára eru lykkjurnar 20 og skiptast þannig: 6 – 8 – 6
Í stærð 5-6 ára eru lykkjurnar 22 og skiptast þannig: 7 – 8 – 7
Í stærð 7-8 ára eru lykkjurnar 24 og skiptast jafnt, 8 í hverjum parti Í stærð 9-11 ára eru lykkjurnar 25 og skiptast þannig: 8 – 9 – 8
Í stærð kvk eru lykkjurnar 27 og skiptast jafnt, 9 í hverjum parti Í stærð kk eru lykkjurnar 31 og skiptast þannig: 10 – 11 – 10

Til að mynda hælhogann er lykkjum fækkað eins og hér segir:

Það er gott að setja prjónamerki á milli partanna þriggja, þá er síður verið að ruglast með upphaf og endi.

Nú á að að fækka lykkjunum í báðum endum þar til miðjulykkjurnar eru einar eftir Byrjið á að prjóna brugðið þar til að ein lykkja er eftir af miðjupartí þá takið þið síðustu lykkjuna af miðjunni og fyrstu af enda parti saman... snúið við
Prjónið slétt þar til að ein lykkja er eftir af miðjupartí, prjónið þá lykkju og eina af byrjunarparti saman með því að prjóna aftan í lykkjurnar.
Snúið við og gerið eins og fyrsta umferðin var gerð, snúið við og takið saman aftan í lykkjurnar. Svona gerið þið þar til að eingöngu miðjuparturinn er eftir.

Tengið aftur í hring!

Gætið þess að endað sé á réttunni

Prjónið nú upp lykkjurnar í hlið totunnar að næsta prjóni, það ættu að vera jafn margar lykkjur og tekið var úr áður
Prjónið næsta prjón að hinna hliðinni, prjónið upp lykkjurnar í seinni hliðinni
Þá er kominn þessi finni "Halldóruhæll".

Nú eiga að vera jafnmargar lykkjur og áður en byrjað var á totunni

Ef lykkjurnar eru fleiri þarf að fækka þeim sem því nemur og best að gera það í byrjun og eða endi á iljarstykkinu.

Sokkurinn:

Prjónið sokkinn í þá stærð sem óskað er.

Það er gott að miða við að prjóna fram fyrir litlu tá áður en byrjað er að taka úr við tærnar.



Úrtaka:

(ath miðað er við að prjónað sé á crazy trio prjóna „3 prjóna“) Prjónið 1 lykkju prjónið saman næstu 2 lykkjur, prjónið þar til að það eru 3 lykkjur eftir á prjóninum, takið tvær lykkjur af vinstri prjón eins og það eigi að prjóna þær eina í einu, setjið yfir á vinstri prjón og prjónið þær saman.
Prjónið síðustu lykkjuna á prjóninum Gerið eins á næsta prjóni

Prjónið eina slétta umferð á milli úrtaka þar til að 8 lykkjur eru eftir á prjóninum.
Slítið bandið, þræðið nál og þræðið í gegnum allar lykkjurnar 8 sem eftir voru og dragið saman....

Gerið hinn sokkinn eins!!


Gangið vel frá öllum endum og þvoið eftir leiðbeiningum á garni.

BOBBÝJARDÆTUR

Breiðumörk 13, Hveragerði - Sími 774 2324
info@bobby.is - www.bobby.is



Allar uppskriftir Hannyrðahornsins eru aðgengilegar inni á DFS.is





Glögggt er gests augað

Síðasta sumar dvaldi belarúsíska myndlistakonan og myndlistarkennarinn Hanna Karaseva í Hveragerði í um tvær vikur. Hún ferðaðist mikið um Suðurland og kolféll fyrir landinu; bæði landslagi, byggingum og fleiru. Hanna teiknaði og málaði mikið á meðan á dvölinni stóð og áfram eftir heimkomuna til Belarús.

Nú ári síðar er Hanna aftur á leið til Íslands og heldur myndlistarsýningu á bókasafninu í Hveragerði. Hún opnaði 23. júní og stendur til 4. júlí. Allar mynd-

irnar á sýningunni eru afrakstur fyrri Íslandsheimsóknar hennar en sýningin ber yfirskriftina Ísland: Snerti hjarta mitt.

Hanna er fædd árið 1986 og býr og starfar í Vítebsk í Belarús. Hún vinnur aðallega með pastelli, akrýl, olíu og klippi-myndir. Hún hefur haldið tvær einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga. Sýningin, sem er sölusýning, mun standa frá 23. júní til 3. júlí og er opin á sama tíma og bókasafnið, virka daga frá 12-18.



Ljóðadagskrá á Kvoslæk í Fljótshlíð

Eyþór Árnason leikari og ESKÁLD, höfundur sjö ljóðabóka, fékk þá hugdettu á Covid-tímanum að gleðja ljóðaunnendur með upplestri á ljóðabókum sínum á Facebook-síðu sinni. Ljóðadagskrár hans njóta ekki síður vinsælda.

Laugardaginn 28. júní kl. 15.00 verður hann með ljóðadagskrá í Hlöðunni á Kvoslæk í Fljótshlíð og eru allir velkomnir þangað.

Ljóðskáldið Eyþór Árnason fæddist 1954 og er sveitadrengur að uppruna, frá Uppsölum, Blönduhlíð í Skagafirði. Veturinn 1974-1975 var hann í Lýðháskólanum í Skálholti og haustið 1978 fór hann til Svíþjóðar, í Norræna lýðháskólann

í Kungälv. Hann hóf nám í Leiklistarskóla Íslands haustið 1979 og útskrifaðist sem leikari vorið 1983.

Árið 1987 varð Eyþór sviðsstjóri á Stöð 2 og vann við sjónvarp til ársins 2009. Í nóvember 2011 var hann ráðinn sviðsstjóri í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu og starfaði þar til vors 2024.

Eyþór hefur gefið út sjö ljóðabækur: Fyrsta bókin: Hundgá úr annarri sveit, kom út 2009 og hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar. Í fyrra kom út nýjasta bókin: Þar sem dragsúgurinn er hvítur refur. Hún var tilnefnd til Málstjórnunnar sem besta ljóðabók ársins 2024.



Komið að skuldadögum

Ný ríkisstjórn tók við stjórnartaumunum með skýrt leiðarstef; að rjúfa kyrrstöðu og hefja sókn við uppbyggingu innviða. Við stöndum frammi fyrir mikilli áskorun, enda blasir við vegakerfi sem hefur setið á hakanum um árabil.

Vegakerfið er ein stærsta eign íslenska ríkisins og nauðsynlegt að halda því við. Nýleg dæmi eru um að slitlag hafi hreinlega gefið sig og Vega-gerðin neyðst til að grípa til þess örþrifaráðs að fræsa upp klæðningu sem orðin var hættuleg ökuönnun.

Viðbótarframlag — strax

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að veita þriggja milljarða króna viðbótarframlag til viðhalds á vegakerfinu á þessu ári. Þannig bregðumst við strax við brýnustu þörfinni. Það jafngildir um 25% aukningu miðað við meðalframlög síðustu ára. Þetta er yfirlýsing um breytta forgangsöröðun stjórnvalda.

Þessi fjárveiting skiptist í tvo meginflokka; annars vegar

í styrkingu burðarlaga vega og hins vegar í endurnýjun slitlaga. Auk þess verður sérstaklega farið í malbikun á þekktum blæðingarköflum. Öll verkefni sem Vega-gerðin ræðst í strax í sumar voru tilbúin til útboðs en hefðu ekki farið af stað á þessu ári nema með ákvörðun um aukafjárveitingu.

Hvert fer viðbótarframlagið?

Verkefni dreifast um allt land. Á Vesturlandi og Vestfjörðum munum við ráðast í fjölmörg verkefni. Þar má nefna viðgerðir á Vestfjarðarvegi, Barðastrandarvegi, Útnesvegi og Bíldudalsvegi, þar sem íbúar hafa lengi kallað eftir úrbótum. Á Suðurlandi verður farið í endurbætur á Laugarvatnsvegi og á Norðurlandi verða teknir fyrir kaflar á Hringveginum, til dæmis í Ljósavattnsskarði, auk þess sem ráðist verður í endurbætur á Hólavegi í Hjaltadal. Þar er umferðarpungi mikill og slysatiðni há. Landsmót hestamanna verður haldið á Hólum í Hjaltadal sumarið 2026 og því mikilvægt að vegurinn sé vel undirbúinn. Á Austurlandi verður einnig ráðist í mikilvægar

endurbætur á Hringveginum. Loks verður farið í malbikun. Á nokkrum þekktum blæðingarköflum, svo sem í Bakkaselsbrekku í Öxnadal.

Sókn til framtíðar

Vegfarendur munu strax taka eftir sýnilegum umbótum á vegakerfinu. Miðað við gildandi fjármálaáætlun fyrir árin 2026-2030 er gert ráð fyrir enn frekari sóknarleik. Aukið fjármagn er meðal annars tilkomið vegna breytinga á útreikningi veiðigjalda sem nú eru til umræðu á Alþingi. Áætlað er að árleg hækkun framlaga eingöngu til viðhalds muni nema allt að 5,5 milljörðum króna. Þetta jafngildir um 45% aukningu frá því sem verið hefur. Ég vonast til þess að landsmenn upplifi þegar í stað jákvæða breytingu og finni að nú er sleginn nýr tónn í málefnum innviða á Íslandi. Við ætlum okkur að gera betur. Við eigum að gera betur.

Eyjólfur Ármannsson,
innviðaráðherra.



Snjómokstur, þéttbýliskjarnar - Útboð



Bláskógabyggð óskar eftir tilboði í snjómokstur og hálkuvarnir í þéttbýliskjörnum í Bláskógabyggð. Um er að ræða þrjú útboð. Reykholt, Laugarvatn og Laugarás. Með Laugarási eru nærliggjandi afleggjarar. Öll útboðin taka til þriggja ára.

Útboðsgögn fást afhent frá og með fimmtudegi 26. júní nk. á skrifstofu Bláskógabyggðar, eða með því að senda tölvupóst á netfangið kristofer@blaskogabyggd.is

Tilboðum skal skila á skrifstofu Bláskógabyggðar, Aratungu, Reykholti, 806 Selfoss, fyrir kl. 9:00 þriðjudaginn 8. júlí nk. vegna Reykholtis, fyrir kl. 9:15 þann sama dag vegna Laugarvatns og kl 9:30 vegna Laugaráss, en þá verða tilboð opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Nánari upplýsingar gefur Kristófer A. Tómasson, sviðsstjóri Framkvæmda- og veituvíðs Bláskógabyggðar í síma 480 3000 og 860 4440 eða í tölvupósti á netfangið kristofer@blaskogabyggd.is.

KIRKJA

Selfoskirkja

Kvöldmessa verður í Selfoskirkju sunnudaginn 29. júní kl. 20. Sr. Gunnar Jóhannesson þjónar fyrir altari. Ester Ólafsdóttir leikur á orgel og félagar úr kór Selfoskirkju leiða kvöldsöng. Þú ert hjartanlega velkomin(n).

Strandarkirkja í Selvogi

Guðsþjónusta kl. 14:00. Félagar úr Kór Þorlaks- og Hjallasóknar leiða almennan safnaðarsöng. Sr. Axel Árnason Njarðvík þjónar. Verum öll velkomin. Sóknarnefnd og sóknarprestur.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Jákvæðar
hugsanir
breyta deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Candmag. í þróttáfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunuddar,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



FUNDIR

Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjud. kl. 14-16
Unga fólkið 18 til 45 ára

Miðvikudaga kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudaga kl. 11-14
Upprekjur

Föstudaga kl. 11-14
Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í
annan tíma ef þessir tíma
henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á
Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í
Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek w sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

TIL LEIGU

50+ íbúð til leigu

Til leigu 3ja herb. 50+ íbúð með
bílakjallara á Selfossi. Uppl. í
síma 844 7732.



Hvar er barnið þitt?

Rauði krossinn á Íslandi
Rhefur hleypt af stokkunum
fræðslu- og forvarnarátaki um
öryggi barna í sundi. Átakið er
unnið í samstarfi við Reykja-
vikurborg og Samtök forstöðu-
manna sundstaða á Íslandi
(SFSÍ) og er því beint að öllu
landinu.

Árlega drukknar yfir 300
þúsund manns í heiminum eða
um 30 manneskur á hverjum
einasta klukkutíma. Á Íslandi
drukknudú 68 manns á tíu
ára tímabili frá 2013-2023.
„Drukknun er algengari en
flestar halda og stundum er því
talað um hinn þögla faraldur,“
segir Hildur Vattnes Kristjáns-
dóttir, teymisstjóri skyndi-
hjálp hjá Rauða krossinum.

Drukknun getur átt sér stað
nánast hvar sem vatn er að
finna: Í sundlaugum, náttúru-
laugum, heitum pottum, í stöðu-
vötnum, ám og lækjum, fjörum,
við bryggjur, í baðkörum eða
jafnvel pollum. „Allir geta
drukknad. Enginn ætti að þurfa
þess,“ sagði Tedros Adhanom
Ghebreyesus, framkvæmda-
stjóri Sameinuðu þjóðanna, í
inngangi fyrstu stöðuskýrslu
Alþjóða heilbrigðismálastofn-
unarinnar (WHO) um forvarnir
gegn drukknun sem var kynnt
í lok síðasta árs. Engin sérstök
rannsóknarnefnd fjallar um
drukknunarslys á Íslandi líkt og
samgönguslys og er mikilvægt
að slík nefnd verði stofnuð.

Flestar drukknanir verða á
stöðum þar sem engir aðilar
sinna eftirliti. Laugaverðir sinna
eftirliti í sundlaugum á Íslandi.
Rauði krossinn hefur um nokk-
urt skeið kennt öryggi og
björgun í vatni, námskeið sem
eru sérstaklega sniðin að starfs-
fólki sund- og baðstaða. Rauði
krossinn ber einnig ábyrgð á
hæfnismati laugavarda sem þeir
þurfa að standast árlega til að
halda réttindum sínum.

Laugaverðir eru viðbragðs-

aðilar. Það þýðir að þeir bregðast
við um leið og eitthvað gerist.
Erlendar rannsóknir sýna að í 9
af hverjum 10 tilvikum þar sem
fólk er í vandræðum í vatni eru
það gestir sundlauga sem fyrstir
bregðast við. Það skýrist af því
að þeir eru þá í návígi við þann
sem er í hættu staddur.

Ung börn í mestri hættu

Börn á aldrinum 1-4 ára eru lík-
legust til að lenda í vandræðum
í sundi eða drukknar. Þar á eftir
koma börn á aldrinum 5-9 ára.
Er sjónum Rauða krossins því
sérstaklega beint að þessum
aldurshópum – eða réttara sagt:
Að foreldrum og öðrum forráða-
mönnum barna á þessum aldri.
Því það eru þessir fullorönu ein-
staklingar sem fyrst og fremst
bera ábyrgð á öryggi barna í og
við vatn.

„Foreldrum hættir til að
ofmeta getu sína til að fylgjast
með börnum sínum í vatni og
sömuleiðis að ofmeta sund-
getu barna sinna,“ segir Hildur
um hvers vegna ung börn séu
í mestri hættu á að drukknar.
Erlendar rannsóknir sýna að
einhver fullorðinn er yfirleitt
nálægur er barn drukknar. „En
barn getur drukknad á aðeins
þrjátíu sekúndum eða á sama
tíma og það tekur að senda ein
stutt skilaboð í símanum,“ segir
Hildur. „Við megum einfald-
lega aldrei missa sjónar á þeim
í vatni.“

Sumarið er sá árstími sem
flestar njóta þess að fara í sund
og baða sig í vatni. Svo allir
geti notið þeirra stunda sem best
ætti ávallt að hafa öryggismál í
hávegum.

Foreldrar eru hvattir til að
hafa þessi fimm ráð í huga:

1. Hafðu augun ekki af barninu allan tímann

Foreldri eða forráðamaður
ber ábyrgð á barni í vatni. Það
þýðir að hann skal fylgjast
stöðugt með því og sjá til þess

að það noti viðeigandi öryggis-
búnað (kúta) og að hann sé
settur á barnið áður en farið er
ofan í vatnið.

2. Gefðu barninu að borða og drekka

Passaðu að barnið sé vel nært
og hafi fengið að drekka áður en
það fer í vatnið. Að leika sér í
vatni er orkufrek iðja. Þyrst og
svangt barn getur misst orkuna
hratt og þar með eykst hætta á
drukknun.

3. Viðhaltu sundfærni barnsins yfir sumartímann

Þegar skólasundinu sleppir
á vorin er komið að forráða-
mönnum að halda færni við.

Tryggjum að allir í fjölskyld-
unni sem eru synd hafi hæfnina
til að bjarga sér úr vandræðum
í vatni.

4. Settu öryggisreglur í kringum vatn og fræddu barnið um öryggi í vatni

Settu einfaldar og skýrar
reglur um öryggi í vatni og
útskýrðu fyrir barninu. Til
dæmis: „Farðu aldrei í vatn án
eftirlits.“

5. Lærðu endurlífsgun og skyndihjál

Vertu viðbúin að bregðast við
neyðartilfellum í og kringum
vatn. Rauði krossinn býður
upp á skyndihjálparnámskeið.
Skráðu þig á skyndihjálpar.is.

„Fullorðnir bera ábyrgð
á sjálfum sér í sundi sem og
börnum sínum,“ minnir Hildur
á. „Það er foreldra að passa
börn sín í vatni og fræða þau og
kenna þeim að umgangast vatn
þegar þau eldast.“

Hún minnir einnig á sam-
félagslega skyldu allra: „Ef
við sjáum eitthvað í sundi sem
gæti verið hættulegt skulum við
bregðast við. Látnu okkur vel-
ferð allra barna varða. Það er
þetta að segja eitthvað og gera
eitthvað en að sitja þögl hjá.“

Öryggi í sundi er á ábyrgð
okkar allra – ertu ekki örugglega
að fylgjast með?

„Blómin hreinlega stela hjarta þínu“

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir og Valgerður Jónðis Guðjónsdóttir standa fyrir blóma-fyrirtækinu Blómdís og Jónðis blómahönnuðir. Þær hafa verið að gera það gott í blómabransanum undanfarin ár og hafa mikla ástríðu fyrir því sem þær gera. Bláðamaður kíkti í spjall í gróðurhúsið hjá Bryndísi og fékk að kynna starfsemið.

Hafa verið límdar saman síðan 2017

Bryndís og Valgerður kynntust þegar þær voru í hönnunarlistnámi í Noregi árið 2017. Þær náðu mjög vel saman og hafa verið límdar saman síðan. Bryndís var boðin kennarastaða í Garðyrkjuskólanum á Reykjum og fékk hún Valgerði með sér í það verkefni. Eftir það fóru þær að brasa ýmislegt saman.

Boltinn byrjaði að rúlla fyrir alvöru þegar haft var samband við Bryndísi og hún beðin um að gera stór blómahjörtu í Hafnarfirði. Hún sá að verkefnið var of stórt fyrir hana eina og fékk Valgerði með sér í lið.

„Fyrst vorum við þannig að ég var með mín verkefni og hún með sín verkefni. Við vorum að taka að okkur minni verkefni en þegar við byrjuðum að vinna saman í stórum verkefnum kom í ljós að við vinnum mjög vel saman. Við ákváðum því að sameina krafta okkar og erum við búnar að vera í stórum verkefnum sem kalla á allavega tvær manneskjur. Við erum búnar að vera mjög heppnar að fá þessi stóru og skemmtilegu verkefni til okkar,“ segir Bryndís.

Ekki aftur snúið þegar þær voru komnar í blómin

Áhugi Bryndísar og Valgerðar á blómum kviknaði snemma en þó á mjög ólíkan hátt.

„Ég ólst upp í Hveragerði, blómabænum. Ég fer að vinna í Grænu höndinni þar sem Rósakaffi er núna, það var ísbúð og blómabúð. Mér fannst ekkert sérstaklega gaman í ísum þannig að ég vann mig upp í blómin. Þá einhvern veginn gerðist eitt-



hvað. Ég var örugglega 16 ára. Ég hef aðallega unnið í blómum síðan þá. Svo lá þetta vel við þar sem garðyrkjuskólinn er í heima-bænum mínum Hveragerði og því ekki langt að sækja námið,“ segir Bryndís.

„Mín saga er aðeins öðruvísi. Ég var í FG og var að velta fyrir mér að gerast íþróttakennari eða félagsfræðingur, vissi í raun ekkert hvað ég vildi verða þegar ég yrði stór. Ég var að vinna í sjoppu með náminu og mömmu fannst það frekar dapurt þannig að hún keyrði mig fyrir utan fyrirtæki sem hét Garðshorn, við hliðina á kirkjugarðinum í Fossvoginum og sagði: „Jæja, Valgerður, nú ferð þú hérna inn og sækir um vinnu.“ Ég fór í fylu og hélt nú ekki. En inn fór ég því maður hlýðir mömmu sinni og sótti um starf og fékk starfið. Þar byrjuðu mín fyrstu skref. Þá var ég að vinna í garðplöntusölnunni hjá þeim, svo fór ég inn í afskornu blómin og þá var ekkert aftur snúið. Eftir þetta lá leiðin í garðyrkjuskólann. Blómin stálu hreinlega hjarta mínu,“ segir Valgerður.

Enginn vinnudagur eins

Enginn vinnudagur er eins hjá Bryndísi og Valgerði og týpiskur dagur ekki til að þeirra sögn.

„Stundum erum við að sinna því sem við köllum bara almenn störf innan blómabúðar. Það eru kannski brúðkaup eða skreytingar fyrir jarðarför. Næsta dag erum við kannski að vinna við að hirða pottaplöntur eða koma með pottaplöntur í fyrirtæki og skapa einhverja stemningu með því. Svo eru það stóru verkefnið fyrir fyrirtæki og bæjarfélög en við höfum tekið þátt í bæjarhátíðinni í Túninu heima í Mosfellsbæ, skreytt Lystigarðinn í Hveragerði, skreytum sviðið fyrir 17. júní og bæjarhátíðina okkar Blómstrandi daga. Við gerum flest allt sem snýr að blómum,“ segir Valgerður.

Bryndís og Valgerður reyna að leggja áherslu á að vera umhverfisvænar og nota það sem er nú þegar er búið að klippa niður.

„Í öllum þessum verkefnum okkar sem við höfum verið að vinna fyrir bæjarfélög þá nýtum við það sem garðyrkjudeildin er

búin að klippa, við bætum svo blómum inn í eftir því sem við á. Einhvern tímann vorum við í Hafnarfirðinum og þá var verið að taka niður risa ösp þar sem við vorum að vinna. Hún var felld og fengum við að nýta öspina í hjartað sem við vorum að vinna við þá.“ Mér fannst þetta skemmtilegt að fá að nýta þann efnivið sem kom færandi hendi,“ segir Bryndís.

„Við vitum aldrei hundrað prósent hvað við erum að fá. Það gerir þetta svo skemmtilegt og sköpunin fær að flæða þegar við vinnum úr því sem að okkur er rétt. Við erum kannski með einhvern grunn og svo bara gerast töfrarnir þegar við byrjum,“ bætir Bryndís við.

Enn þá að læra eitthvað nýtt eftir 30 ár

Innblasturinn í vinnunni hjá Bryndísi og Valgerði kemur mest megnis frá umhverfinu.

„Innblasturinn kemur mest megnis úr náttúrunni og umhverfinu. Auðvitað skoðum við á samfélagsmiðlum og fylgjumst með því sem er að gerast erlendis en mest fórum við í flæðið og leyfum töfrunum að gerast. Það er líka svo skemmtilegt eins og þegar við vorum að skreyta sviðið fyrir 17. júní núna í Hveragerði þá fæddist hugmyndin að því hvernig við ætlum að skreyta sviðið næst en við skreytum það aftur fyrir bæjarhátíðina Blómstrandi daga í ágúst. Okkur klæjar smá í puttana að fara að gera það því við erum með geggjað flotta hugmynd sem við hlökkum svo til að framkvæma. Þarna erum við að vinna með sama sviðið en koma með allt aðra stemmingu sem er svo spennandi,“ segir Bryndís.

„Við erum báðar þínu tækni-nórdar þegar kemur að blóma-skreytingum. Við erum alltaf að finna og læra nýjar tækniaðferðir en það er svo skemmtilegt að fá

tækifæri til að nota nýjar aðferðir og þróa þær áfram,“ bætir Valgerður við.

Finna styrkleika hjá hver annarri

Bryndís og Valgerður segjast vera ólíkar en vinna mjög vel saman.

„Þetta snýst um það að finna styrkleikana hjá hver annarri og leyfa styrkleikunum að njóta sín því engir tveir einstaklingar eru eins. Við berum mikla virðingu fyrir okkar starfi og hvor annarri. Stundum tengi ég betur við verkefni en hún og öfugt,“ segir Valgerður.

„Við skiptum þessu oft niður. Valgerður stýrir sumum verkefnum og ég öðrum, þannig vinnum við best saman,“ bætir Bryndís við.

Með verkefni á bakvið tjöldin

Framtíðarhorfur Bryndísar og Valgerðar eru að halda áfram og stækka enn frekar. Það er verið að vinna að heimasíðu og verið er að skoða spennandi vörur sem tengjast blómum og garðyrkju.

„Það er mögulega spennandi vara sem okkur langar að koma með á markaðinn hér heima,“ segir Bryndís.

„Þau verkefni sem hafa ratað til okkar hafa leitt okkur áfram en við vinnum að flestöllu sem kemur að blómum og plöntum. Ef það er blómatengt þá segjum við yfirleitt já,“ bætir Bryndís við en best sé að hafa samband við þær í gegnum Facebook eða Instagram undir nafninu Blómdís og Jónðis blómahönnuðir.

„Það er sagt að það eigi alltaf að vera gaman í blómum. Ef það fer að vera leiðinlegt þá á maður að fara að gera eitthvað annað. Við erum ekki enn þá komnar þangað eftir 30 ár í starfinu. Það eru endalaus tækifæri að læra og vaxa í þessu starfi bæði sem fag-maður og sem persóna,“ segja þær að lokum.

EHJ





Ljósmynd: kylfingur.is.

Heiðrún Anna Íslandsmeistari í holukeppni kvenna

Heiðrún Anna Hlynisdóttir hjá Golfklúbbi Selfoss er Íslandsmeistari í holukeppni kvenna 2025 eftir sigur á Pamelu Ósk Hjaltadóttur hjá Golfklúbbi Mosfellsbæjar í úrslitaleik sem fram fór á Hlíðavelli 23. júní. Leikur þeirra var jafn fram á 15. braut en Heiðrún Anna vann þá þrjár holur í röð með pari og tveimur fúglum og tryggði sér titilinn á 17. holu.

Þetta kemur fram á kylfingur.is.

„Það er búið að vera markmið hjá mér lengi að vinna Íslandsmeistaratitil. Ég er búinn að vera í baráttunni í nokkur ár. Það var gaman og vonandi ekki sá síðasti. Mér hefur gengið mjög vel í vor og sumar og framundan eru stór mót, þar á meðal Íslands-mótið í högggleik sem er næsta markmið,“ segir Heiðrún í sam-

tali við kylfingur.is.

Heiðrún lék frábært golf í holukeppnisleikjunum en hún var með næstbesta skorið í högggleikum.

TAXI
SELFOSSI
SÍMI 482 3800



HJÓLA-STÓLABÍLL
SÍMI 777 5422



Stíflubjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR 20 ÁRA REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir



TRS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.tris.is

LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR



S: 692-2575

800 SMÍÐI EHF.

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM



LAGNIR

ALHLÍÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002

800lagnir@800lagnir.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



PÚLSINN

Raf & kælipjónusta

Kæli & Frystikerfi

Viðgerðir · Þjónusta

Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL

848 0964 899 0979

GÍSLI

ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS



SÓLPALLUR

Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki



stiflulosun.is

- Stíflulosanir
- Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
- Sónum út Lagnir
- Lagnafóðrun
- Rotþrær
- Fitugildrur
- Sandgildrur
- Skólphreinsistöðvar
- Holræsahreinsun

510-1180 / 669-8441



Fæst hjá
BYKO Selfossi



ÖKULAND

Endurmenntun
atvinnubílstjóra

Akstursþjálfun

Meirapróf

okuland.is

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala

482 2311 696 2311

Skrifstofa

Þjónustusími



NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is